

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingar sem hér segir:

Helgafellshverfi, 1. áfangi – deiliskipulagsbreyting – 302-Íb.

Breytingin varðar nýja veltengingu við 5. áfanga Helgafellshverfis um hringtorg við enda Vefarastrætis og Gerplustrætis. Annað í skipulagi er óbreytt.

Helgafellshverfi, 4. áfangi – deiliskipulagsbreyting – 302-Íb.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að veltenging 5. áfanga Helgafellshverfis, frá Skammadalsveg, er felld út. Annað í skipulagi er óbreytt.

Vefarastræti 2-6 – deiliskipulagsbreyting – 325-S.

Breytingin felur í sér að stækka byggingarreit fyrir nýjan leikskóla á skilgreindri samfélagsþjónustulóð 325-S í Helgafellshverfi. Markmiðið er að aðlaga leikskólann betur í landhalla og hanna leiksvæði á jafnsléttu. Nýtingarhlutfall, lóðar breytist ekki. Kvöð um gróður er breytt. Annað í skipulagi er óbreytt.

Helgafellshverfi, 3. áfangi – deiliskipulagsbreyting – 302-Íb.

Breytingin felur í sér að stígur vestan leikskólalóðar við Vefarastræti 2-6, sem tengja átti Vefarastræti og Uglugötu er felldur úr skipulagi sökum mikils halla á landi. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 2. júní 2022,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. júní 2022